# Stjórnarfundur no 5,  2011/2012

Þriðjudaginn 13. september 2011 kl. 18.30 komu undirritaðir stjórnarmenn saman til fundar á skrifstofu félagsins kl. 18.30
Undirritaðir voru mættir, þetta gerðist.

**1. Erindi frá VMA**
um styrk til kaupa á kennslumyndböndum sem nota á til kennslu í þjónustu- og verslunargreinum á hagfræði- og viðskiptabraut.
Samþykkt að styrkja um kr. 89.000, sem uppá vantar til kaupanna.

**2. Erindi frá félagsmanni á Siglufirði**
um niðurgreiðslu á orlofshúsaleigu á Akureyri.
Stjórnin getur ekki orðið við erindinu.

**3. Námskeið (starfsdagur)21. október n.k. fyrir trúnaðarmenn**
Samþykkt að stjórn og starfsfólki félagsins verði gefin kostur á að sitja námskeiðið.

**4. Heimsókn frá kjarasviði VR**
Samþykkt beiðni um að taka á móti starfsmönnum kjarasviðs VR sem funda á Akureyri og kynna þeim starfsemi félagsins 23. september n.k.

**5. Öryggismál í Skógarseli**
Eiður fór yfir málið og var falið að kanna frekar hvort ástæða sé til breytinga á kerfinu.

**6. Tilboð í breytingar á 3ju hæð**
Stjórnin samþykkir að tekið sé lægsta tilboði í breytingar á 3ju hæð skv. auglýstu útboði.
Tilboðið er 91% af kostnaðaráætlun.
Framkvæmdir hefjast í byrjun október og lýkur í byrjun desember.

**7. Mánatún íbúð 407**
Uppýst var að íbúðin í Mánatúni íbúð 407 er tilbúin til útleigu en verður ekki tekin í notkun fyrr en sameign og frágangur utanhúss verður komin í betra horf.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir (ritaði fundargerð), Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Hildur Tryggvadóttir Friðbjörg Jóhannsdóttir, Árni Þorvaldsson Einar Pálsson, Anna María Elíasdóttir.
Guðrún Guðmundsdóttir.